



7. DKG-fundur starfsársins 2018-2019 haldinn í Fjölheimum 12. september 2019

Fundur í Epsilondeild, fundartími kl. 17:30

Fundarstaður Fjölheimar Selfossi

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður setti fundinn, bauð fundarkonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Hún fór nokkrum orðum um vetrarstarf Epsilondeildar og Landssambandsþingið sl.sumar. Ingibjörg hvatti félagskonur til að kynna sér fjölbreyttar upplýsingar sem er að finna á vef DKG. Nafnakall, 18 voru mættar.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
Orð til umhugsunar voru ekki að þessu sinni.

3. Kynning á Fjölheimum.

Eydís Katla fór yfir þá fjölpættu starfsemi sem er í húsinu Fjölheimum.

Þar hafa fjölmargir aðilar starfsaðstöðu, má þar nefna: Háskólafélag-, Fræðslunet-, Minjavörð- og Markaðsstofu Suðurlands. Minjastofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Velferðarráðuneyti. Birta starfsendurhæfing, Næsta skref, Snerpa, Ökuland og tveir hönnuðir. Svo það er mikil gerjun í þessu húsi.

Eydís Katla er nú formaður félaga- og útbreiðslunefndar DKG.

4. Heimsþing DKG í Rvk 2019.

Þær Eydís Katla, Sigríður G., Ingibjörg Þ., Ingibjörg I. og Elinborg sögðu frá þátttöku sinni í ráðstefnunni í sumar. Upplifun þeirra var mjög jákvæð, fróðlegt og skemmtilegt í senn sögðu þær. Þær sögðu frá áhugaverðum erindum og vinnustofum og ánægjulegum samskiptum við aðrar DKG systur. Þær sýndu fallegar gjafir sem allir þátttakendur fengu. Alls voru þátttakendur rúmlega 250 þar af um 70 íslenskar konur og Epsilon systur voru 8. Ráðstefnan var mjög vel heppnuð í alla staði, skipulag og framkvæmd til fyrirmyndar. Sérstakt hrós fékk unga fólkið okkar íslenska sem kom sá og sigraði með sín erindi.

5. Önnur mál.

Rætt um félagsgjöldin og svokallað skemmtigjald til viðbótar. Samþykkt að halda því óbreyttu. Rætt var um 30 ára afmæli Epsilondeildar og afmælisfund sem verður haldinn 23. nóvember í Hveragerði, afmælisnefnd er að störfum. Næsti fundur ásamt heimsókn í Veröld – Hús Vigdísar verður í Rvk. þann 12. október. Hapdrættisvinninginn hlaut Ingibjörg Ingadóttir. Fundi slitið.

6. Sameiginlegur kvöldverður og spjall í Tryggvaskála